

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 606/2008

2010/EES/6/42

frá 26. júní 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 831/2002 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins, að því er varðar aðgang að gögnum, háðum trúnaðarkvöðum, í vísindaskyni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002⁽²⁾ eru fastsett skilyrði fyrir veitingu aðgangs að gögnum, háðum trúnaðarkvöðum, sem Bandalagsyfirvaldinu hafa verið send, með það að markmiði að unnt sé að draga af þeim tölfræðilegar ályktanir í vísindaskyni. Í reglugerðinni eru skráðar þær kannanir og gögn sem hún gildir um.
- 2) Kröfur vísindamanna og vísindasamfélagsins um að fá einnig aðgang að gögnum úr könnun á nýtingu bújarða, háðum trúnaðarkvöðum, í vísindaskyni hafa aukist. Aðgangur að einstaklingsbundnum gögnum könnunar á nýtingu bújarða myndi gera vísindamönnum kleift að rannsaka samhengið milli mismunandi eiginleika einstakra bújarða, s.s. tegundir nytjaplantna sem eru ræktaðar, búfé og vinnuafll. Það myndi einnig gera vísindamönnum kleift að bæta svæðisbundin líkön og vísa fyrir umhverfissvænan landbúnað sem nú byggjast á samanteknum gögnum. Því skal bæta þessari könnun í skrána í reglugerð (EB) nr. 831/2002.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 831/2002 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 5. gr.:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 166, 27.6.2008, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79, 18.12.2008, p. 28.

(¹) Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(²) Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1000/2007 (Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 7).

„1. Bandalagsyfirvaldið getur veitt aðgang í húsnæði sínu að gögnum, háðum trúnaðarkvöðum, sem fengin eru úr eftirfarandi könnunum eða hagskýrsluheimildum:

- heimiliskönnun Evrópubandalagsins,
- vinnumarkaðskönnuninni,
- könnun Evrópubandalagsins á nýjungum,
- könnun á starfsmiðaðri símenntun,
- launakerfiskönnuninni,
- hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífsskjör,
- fullorðinsfræðslukönnuninni,
- könnunum á nýtingu bújarða.

Að beiðni þess innlenda yfirvalds sem lagði til gögnin skal aðgangur að gögnunum þó óheimill til sérstaks rannsóknarverkefnis.“

2. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 6. gr.:

„1. Bandalagsyfirvaldið getur birt nafnlaus einstaklingsbundin gögn sem fengin eru úr eftirfarandi könnunum eða hagskýrslugögnum:

- heimiliskönnun Evrópubandalagsins,
- vinnumarkaðskönnuninni,
- könnun Evrópubandalagsins á nýjungum,
- könnun á starfsmiðaðri símenntun,
- launakerfiskönnuninni,
- hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífsskjör,
- fullorðinsfræðslukönnuninni,
- könnunum á nýtingu bújarða.

Að beiðni þess innlenda yfirvalds sem lagði til gögnin skal aðgangur að gögnunum þó óheimill til sérstaks rannsóknarverkefnis.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.
